

Grunnmynd 1. hæð
Mkv. 1:100

Byggingarlýsing/verklýsing:

Gólf:
Burður gólfs er núverandi þak yfir bilageymslu. Lögð verður hefðbundin ílön ofan á núverandi þak/plötu og þar ofaná kemur endanlegt gólfefni.

Veggir:
Neðri hluti útveggja eru núverandi svalahandrið og verða þau einangruð að innan með 100 mm steinull í trégrind, rakavamarlag, lagnagrind og loks plötuklæðning í flokki 2. Efri hluti veggja er hefðbundin burðargrind úr timbri, einangrað með 100 mm steinull í grind. Að innan kemur síðan rakavamarlag, lagnagrind og klætt að innan með plötuklæðningu í flokki 2. Utan á timburgrind kemur 12 mm vatnspólinn krossviður, loftunargrind og loks áklæðning í ljúsum lit.

Þak:
Þak er hefðbundið einhalla sperruþak, 50x225 mm sperrur og einangrað milli þeirra með 200 mm þakull með áföstum vindpappa, þar ofaná kemur borðaklæðning, þakpappi og loks bárujam. Neðan á sperrur kemur rakavamarlag, þá lagnagrind og loks plötuklæðning í flokki 2. Til að tryggja loftun ofan við þakainangrun skal vera a.m.k. 25 mm bil á milli borðanna í þakklæðningunni (gjísklætt) og auk þess skal vera a.m.k. 25 mm loftbil ofan við vindpappa sem er á þakainangrun. Einnig skal tryggja að loftun á aðliggjandi þaki sé nægjanleg, setja skal loftunarventla á þaki sé þess þörf.


Loftræst áklæðning:

Húsið verður allt einangrað að utan með þar til gerðri 50 mm steinullar einangrun sem festist við steinvegg með múrfestingum. Að lokinni einangrun útveggja skal koma fyrir álleidurum undir lóðrétt plötusamskeyti og á miðjusvæði platna. Vanda skal sérstaklega alla afréttingu á leiðurum og skal frávik á 3 m réttiskeið hvergi vera meira en +/- 1,00 mm. Álleidararnir eru festir við veggfestingarnar með ryðfrium borskrúfum 4,2x19 mm. Gæta skal að allri hreyfingu á álgrindinni. Á hvern leiðara er ein veggfesting sett föst þ.a. skrúfur eru festar í hringlaga göt en allar aðrar veggfestingar eru skrúfur settar í ílöngr götin þ.a. grindin geti hreyfst í allar áttir. L-leiðararnir 60/40/2 sem koma undir plöturarnar eru festir í veggfestingarnar þ.a. þeir mynda U. Brynt er að hafa átak á múrboltann sem best og minnst á grindinni. Varðandi festingar á leiðurum vísast í sérteikningar. Milli einangrunar og áklæðningar skal vera loftunarbíl og skal tryggja góða loftun á allan flötinn.

Klæða skal alla útveggi hússins með ál-klæðningu. Klæðningin skal vera 2,00 mm þykk áklæðning, seltupólin með efnasamsetningunni AlMg3 (3% magnesíum). Klæðningin skal standast allar kröfur skv. Byggingarreglugerð og íslenskum staðli ÍST DS 419:1984. Álplöturarnar skulu vera litáðar frá verksmiðju með PVDF2 Kynar 500 í hlutföllunum 80/20 húð sem ysta vörn, bakhlíð plananna skal vera með hlífðariakki. Plöturarnar sem notaðar eru ofaná vatnsbretti og neðsta plöturóð á veggjarklæðningu, skal vera með hlífðvörn á bakhlíð. Allt efni og uppsetning skal vera skv. samþykktum teikningum, sérteikningum og skv. fyrirmælum framleiðenda.

Brunavarnir:

Eftir breytingu á húsi verða flóttaleiðir frá 2. hæð gegnum opnanlega glugga bæði frá sjónvarpsherbergi og herbergi. Um er að ræða hliðarhengda glugga, stærð þeirra (ljúsup bxH) er 520 x1020 mm. Allar plötuklæðningar inni eru a.m.k í flokki 2. Þakklæðning er í flokki T.



Grunnmynd 2. hæð
Mkv. 1:100

Skýringar:

Upphaflegar teikningar af húsinu eru gerðar af Kjartani Sveinssyni í febrúar 1973. Breytingar sem gerða er þann 15. mars 2006 er gerðar af Guðmundi Jónssyni byggingafræðingi BFÍ.

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir eftirfarandi breytingum:
1. Byggt verði yfir svalir/bilageymslu. Um er að ræða léttu byggingu úr timbri með einhalla þaki. Þakhalli verði sami og á núverandi húsi
2. Allt húsið verði einangrað og klætt að utan með loftaðri áklæðningu á álgrind.
Litur klæðningar er ljós. Að öðru leiti er vísað í byggingarlýsingu.

Miðvangur 55, 220 Hafnarfirði

Aðaluppdrættir, viðbygging og klæðning á húsi.
Grunnmynd og skýringar.

Mkv. 1:100 Teikn. nr. 1.01

Dags. 15. mars 2006 Breytt dags.

Guðmundur Jónsson
byggingafræðingur BFÍ
kt. 041260-4839
Breiðvangi 5, 220 Hf.
s. 565 5508-664 5636
gud.jons@simnet.is.

Jon Sig
Undirskrift